

Nd. **102. Frumvarp til laga** [67. mál]
um breyting á lögum nr. 44 23. maí 1964 um búfjárhald í kaupstöðum og kaupþúnum.

(Lagt fyrir Alþingi á 102. löggjafarþingi 1979—80.)

1. gr.

Aftan við 1. mgr. 1. gr. bætist ný málsgrein svohljóðandi:

Nú telur sveitarstjórn í kaupþúni með færri en 1000 íbúa nauðsyn bera til að setja reglugerð um búfjárhald í kaupþúninu og skal henni það þá heimilt með samþykki ráðherra.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Þegar svo háttar til í sveitarfélagi að engar jarðir eru í ábúð en allt búfjárhald er á vegum íbúa í kaupþúni, þykir rétt, ef sveitarstjórn telur nauðsyn bera til, að veita henni heimild til að setja reglugerð um búfjárhald í sveitarfélaginu þótt íbúar þess séu færri en 1000 að tölu.